

Ed.

101. Frumvarp

til laga um gróðaskatt.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

1. gr.

Allir gjaldþegnar á Íslandi, sem skyldir eru samkvæmt lögum að greiða til landssjóðs tekju- og eignarskatt, skulu þar að auki greiða sjerstakan gróðaskatt, ef skattskyldar tekjur þeirra eru 15 þús. krónur eða meira eitthvert ár, eða skattskyldar eignir 50 þús. kr. eða meira. Gróðaskatturinn miðast við alla upphæðina.

2. gr.

Gróðaskatturinn er viðbót við hinn almenna tekju- og eignarskatt. Hann er lagður á gjaldþegnana af skattanefndum og skattstjóranum í Reykjavík og eftir sömu heimildum eins og tekju- og eignarskattur. Þeir, sem innheimta tekju- og eignarskatt fyrir landssjóðs hönd, innheimta og gróðaskattinn, hver í sínu umdæmi. Kærum út af gróðaskatti má skjóta til sama úrskurðarvalds, og gilda um hann sömu reglur á hverjum stað og tíma eins og um álagning, áfrýjun og innheimtu hins almenna tekju- og eignarskatts.

3. gr.

I. Skattgjald af tekjum, er um ræðir í 1. og 2. gr., reiknast þannig af allri skattskyldu upphæðinni:

Frá 15000 kr. til 20000	greiðist	25 kr. af hverju þúsundi.		
— 20000 — — 30000	—	50	— — —	—
— 30000 — — 40000	—	75	— — —	—
— 40000 — — 50000	—	100	— — —	—
— 50000 — — 60000	—	125	— — —	—
— 60000 — — 70000	—	150	— — —	—
— 70000 — — 80000	—	175	— — —	—
— 80000 — eða meira	greiðist	200	— — —	—

II. Af skuldlausri eign, sem er 50 þús. eða meira, greiðir hver gjaldþegn í gróðaskatt 15 kr. af hverju þúsundi.

4. gr.

Jafnóðum og gróðaskattur greiðist til innheimtumanna ríkissjóðs, skulu þeir endurgreiða skattinn til Landsbanka Íslands. Stjórn Búnaðarfélags Íslands ráðstafar gróðaskattinum árlega eftir því, sem fyrir er mælt í lögum um byggingar- og landnáms sjóð og reglugerð hans.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. um byggingar- og landnáms sjóð, sem borið var fram á síðasta þingi, en ekki útrætt í það sinn, er hjer borið fram aftur, lítið eitt breytt og nú í tveim frv. Fjallar annað um, hversu aflla beri sjóðnum tekna, en hitt um meðferð fjárens til að fjölga heimilum í sveit og auka ræktun landsins. Aðal hugsun frv. byggist á því, að allur almennigur sje nú svo blaðinn sköttum sem mest má verða, en að á háar tekjur og miklar eignir megi leggja nokkrar byrðar. Og þar sem stóruauður safnast hjer á landi að miklu leyti við vinnuafli, sem sveitir landsins leggja til, sýnist öll samngirni mæla með, að tekjuhæstu og eignamestu menn landsins leggi aftur nokkurn skerf til að auka ræktun landsins.